

Fundur í stjórn JA 19. júní 2019

Mættir: Aníta, Ágúst, Helga og Hafdís

1. Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og stöðu þeirra verkefna sem lágu fyrir eftir þann fund. Áframhaldandi vinna verður við þau verkefni sem þá voru ákveðin.
2. Helga hefur verið í sambandi við Teresu og Nadine vegna komu þeirra nú í haust.

Teresa og Jim lenda á Íslandi 12. september. Ágúst sækir þau á flugvöllinn. Þau munu gista 1-2 nætur á Suðurlandi. Aníta er á fundum í Reykjavík 13. og 14. september og gæti tekið þau með sér norður á laugardeginum. Jim fer aftur heim á þriðjudeginum 17. september. Helga hefur gert drög að dagskrá fyrir þau sem hún sendir okkur og við getum fullmótað. Einnig ætlar hún að senda okkur póst sem hún hefur fengið frá Teresu varðandi námskeiðslýsingu og verð í námskeiðið. Áætluð brottför hennar heim aftur er á 24./25. september.

Helga hefur einnig verið í sambandi við Nadine vegna námskeiðs fyrir stjórnendur. Vegna aðsóknar á námskeiðið hennar frá stjórnendum í Norðurþingi þyrfti jafnvel að halda 2 námskeið. Nadine mun koma í lok október.

Fleira ekki rætt, stjórn verður í tölvupóst- og messengersamskiptum í sumar, næsti formlegur fundur boðaður síðsumars.

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir